

Mál nr. 427/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna framkvæmda við húseign.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6. desember 2021.

Tölvupóstur M, dags. 6. desember 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi samið við X um að sinna pípulögnum við húsbyggingu og þar af leiðandi uppsetningu og frágangi á klósetti. M hvaði síðan orðið var við leka eða smit af skólpi sem staðið hafi yfir í einhvern tíma og valdið tjóni á húseign hans.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans og rekur það til þess að tengirör við upphengt klósett hafi verið sagað of stutt og illa og ekki hafi náðst góð tenging milli klósettskálar og affallsrörs og þannig lekið. M kveðst hafa tilkynnt um tjónið til síns vátryggingafélags sem hafi tekið myndir og gert skýrslu, sem fylgi með gögnum málsins, en V sem vátryggingafélag X hafi ekki sinnt málinu sem skyldi. Einnig vísar M til reikninga til X vegna vinnu vegna sönnunar á því að fyrirtækið hafi verið að störfum hjá M.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M sé hægt að rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna fyrirtækisins. V vísar til þess að ekki liggi fyrir hvort og þá hver af þeim sem komu að byggingu húseignar M geti borið ábyrgð á tjóninu en lokaúttekt hafi farið fram vegna byggingar þess. Þessu til viðbótar bendir V síðan á að þó sýnt væri fram á sök X sé vátrygging X þannig að í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X sé tjón á munum sem vátryggður (X) taki að að sér að setja upp eða vinna við með einhverjum hætti skýrlega undanskilið. Þannig geti V ekki greitt bætur úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Ágreiningur málsins er í fyrsta lagi um hvort tjón á húseign M sé hægt að rekja til vinnubragða starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Almennar reglur sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á hans tjóni verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli liggja fyrir gögn um tjón M en ekki fullnægjandi gögn um orsakir þess tjóns og hvort þær megi rekja til vinnubragða starfsmanna X. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M, með hliðsjón af fyrirnefndum sönnunarreglum. Verður því ekki fallist á að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X að svo stöddu og bótaskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.